




Norræn Goðafræði

140112011 140112011 140112011 140112011



Guðný Klara Einarsdóttir



Norræn goðafræði

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Kafli 1 - Goðafræði	5
Kafli 2 -Goðin.....	12
Kafli 3 - Vættir og óvættir.....	39
Kafli 4 - Sögusagnir.....	54
Kafli 5 - Endalokin.....	65
Lokaorðin.....	69
Heimildaskrá.....	70

Verkmenntaskóli Austurlands

Lokaverkefni 2020

Leiðbeinandi: Anna Bjarnadóttir

Inngangur

Hugmyndin að þessu verkefni mínu, var það að sýna goðafræði á skemmtilegan, léttan og myndrænan hátt. Held að bókin gæti verið fræðandi fyrir yngri kynslóðina að skoða þar sem textinn er ekki mjög þungur. Hugmyndin af verkefninu var fundin af því að hafa lesið bækur um norrænu goðafræðina (*Norse mythology – Neil Gaiman*), mér fannst ekki nógu mikið af bókum til sem voru með myndum.

Þetta er engan veginn „hin rétta mynd“ af þeim persónum sem hér eru nefndar, þetta er einfaldlega hvernig ég sé þær fyrir mér. Ég hef sjálf teiknað myndirnar í þessu verkefni, enda það skemmtilegasta sem ég geri er að teikna. Verkefnið hefur verið mjög krefjandi en á skemmtilegan hátt. Athugið að listinn af persónum er ekki tæmandi og eru þær miklu fleiri en þær sem eru í þessari bók. Vona að þið hafið gagn og gaman af þessari bók.

Kafli 1 - Goðafræði

Hvað er goðafræði?

Áður en Norðmenn (eða Víkingarnir) skiptu yfir í kristna trú á miðöldum, áttu þeir sér sína eigin trú sem við köllum í dag heiðna trú, eða norræna goðafræði. Sögurnar af þessum goðum var það sem gaf víkingunum mikla þýðingu í þeirra lífi, jafnvel tilgang. Þessar sögur snérust um goðsagnakenndar verur sem sagðar eru með mikla og flókna persónuleika, og má nefna sem dæmi þau; Óðinn, Þór, Freyju og Loka.

Norræna trúin sem innihélt þessar sögusagnir átti hins vegar aldrei sér sitt nafn sem það gat kallað sitt eigið, heldur var þetta bara “hefð” sem fólk hafði haldið í gegnum tíðirnar. Hefðirnar voru það sem gaf víkingunum þá tilfinningu að tilheyra einhverju stóru. En aftur á móti, þótt að þegar meiri hlutinn af þessu fólki hafði trúarskipti (kristni) á sínum tíma, að þá voru enn sumir sem harðneituðu að taka upp kristnina, heldur hélt það fólk sig við sína ára gömlu siði og hefðir. Þar sem þetta fólk var ekki kristið að þá þurfti að gefa því annað nafn, þar að leiðandi fékk fólk fyrir utan hið kristna samfélag viðurnefnið að vera „heiðingi“, en þaðan kemur heitið - heiðin trú nú til dags (Daniel McCoy, 2012).

Veraldir

Samkvæmt goðafræðinni eru heimarnir alls talsins níu, eða þ.e.a.s.; Múspellsheimur, Helheimur, Niflheimur, Álfheimur, Vanaheimur, Ásgarður, Miðgarður, Jötunheimur og Svartálfaheimur. Á næstu síðum má skoða stuttlegar lýsingar af heimunum sem voru nefndir rétt í þessu.

Múspellsheimur – Múspellsheimur, heimur brennandi elds og steikjandi hita. Sagt er að enginn geti þar staði vegna hita, nema að vera úr brunabergi.

Niflheimur – Niflheimur, ríki eilífs kulda og myrkurs. Þar leynist dreki sem kallast Níðhöggur, en hann nærast á líkum manna þeirra sem falla í þennan grimma heim.

Vanaheimur – Vanaheimur er heimur Vana, en þau goð sem eru þaðan teljast sem frjósemis goð. Þaðan koma m.a.; Njörður, Freyja og Freyr.

Álfheimur – Heimur ljósálfálfa, þeir eru heillandi en jafnframt dularfullar verur sem þar leynast. Álfar standa nærri goðunum og er Freyja sú sem stjórnar þeim.

Jötunheimur – Heimur þeirra afkomenda Ýmis sem lifðu af. Afkomendur Ýmis nefnast jötnar, landslag Jötunheims er helst grjót og klettar.

Svartálfaheimur/Niðavellir – Svartálfaheimur, eða Niðavellir er bústaður dverga, einnig þekktir sem svartálfar. Dvergar eru þeir sem smíða ýmsa gripi, hluti af þeim gripum er hamarinn Mjólnir sem Þór tekur með sér hvert sem hann fer.

Helheimur – Helheimur, er veröld þeirra dauðu og er dóttir Loka, Hel sú sem ræður þar ríkjum. Þeir sem enda í hel hafa þá dáið „óheiðarlegum“ dauða, eða að deyja úr elli en ekki í bardaga.

Ásgarður – Í þessum heimi ríkja Ásar. Þar finnast bústaðir og hallir ýmissa goða, auk hins heilaga Urðarbrunnis.

Miðgarður – Mannheimar, eða veröldin sem við búum á og köllum hana jörð.

Sköpun heimsins

Sagt er að í upphafi veraldarinnar var ekkert, ekkert var hvergi neins staðar, nema Eldheimur (Múspellsheimur) og Ísheimur (Niflheimur). Milli þessa tveggja heima var hið svo kallaða Ginnungagap, hið endalaus gap sem enginn virðist vita hvað nær langt niður. Á þessum tíma var enginn Miðgarður, Ásgarður né einhverslags líf af einhverju tagi. Með tíma kviknaði líf milli þessa tveggja heima og var það fyrsti jötuninn, Ýmir og ásamt honum kú er kölluð var Auðhumla, en hún birtist eftir að hafa þiðnað úr frosti. Risinn Ýmir nærðist af mjólkinni úr Auðhumlu, en einhvers staðar á botninum voru saltsteinar og þá sleikti Auðhumla til að næra sig. Eftir að hafa sleikt einn steininn kom í ljós að þar leyndist vera maður sem síðar er nefndur vera Búri.

Búri reynist síðar vera afkomandi Óðins, Vilja og Vés. Þessir þrír bræður fengu eitt sinn yfir sig nóg af frekju og yfirgangi í Ými, og ákváðu þeir þá að drepa hann með berum höndum, eftir að hafa safnað nógu miklum styrk. Við morðið á Ými varð blóð hans það mikið að það drekkti heilu jötna ættbálkunum, öllum nema tveimur. Eftir að hafa myrt Ými ákváðu þeir að eitthvað yrði að gera við líkið á honum, enda verra ef það færi til spillis. Óðinn, Vilji og Vé bjuggu þannig til þá 9 hina heimana sem við þekkjum úr goðafræðinni. Úr skinni Ýmis bjuggu þeir til jarðveg, blóð hans var notað fyrir vötn og höf, beinin urðu af steini, heili hans að skýjum, höfuðkúpan fyrir himinn og neistar upp úr Múspellsheimi urðu að stjörnum (Johan Egerkrans, 2019).

Ymir ↷ AIR



Fyrstu mannverurnar

Einn daginn voru goðinn á rölti þegar þeir rákust á tvo trjáboli. Þegar þeir sáu trjábolina vissu þeir strax að þeir vildu búa eitthvað úr þeim. Úr þeim bjuggu þeir til fyrstu mannverurnar, Ask og Emblu.

Óðinn var sá sem gaf þeim líf, Vilji gaf þeim vitund og Vé gaf þeim þann eiginleika að geta heyrt og séð, þar að höfðu goðin búið til fyrstu mannverurnar.

Til þess að gefa þessum nýju verum skýli eða vernd fyrir Jötnunum gerðu bræðurnir Miðgarð, og notuð þeir síðan augnhár Ýmis sem girðingu til að jötnar kæmust ekki að þeirra svæði.


Yggdrasil

Yggdrasil er hið völduga tré, sem skottinu rís við landfræðilega miðju norræna andlega alheimsins. Restin af þeim alheimi, þar á meðal níu heimunum, er settur upp í kringum hann og haldið saman af greinum hans og rótum, sem tengja hina ýmsu hluta heimsins saman. Vegna þessa fer vellíðan alheimsins eftir vellíðan Yggdrasil. Þegar tréð skelfur merkir það komu Ragnaröks, eyðileggingar alheimsins.

Í fornnorrænum bókmenntum er almennt sagt að Yggdrasil sé öskutré, en á öðrum tímum er sagt að enginn þekki tegundina sem hið stórkostlega tré tilheyrir. Eins og með svo marga þætti í norrænni goðafræði og trúarbrögðum, að þá virðist ekki hafa verið nein loftþétt samstaða um þetta á víkingatímanum.

Í orðum Gamla norræna kvæðisins Völuspá er Yggdrasil „vinur heiðskins himins,“ svo há að kóróna þess er yfir skýjunum. Hæðir þess eru snjóklæddar eins og hæstu fjöll, og „dögginn sem falla í dölunum“ renna af laufum þess. Hávamál bætir við að tréð sé „vindasamt“, umkringdur tíðum, grimmum vindum á hæðum þess. „Enginn

veit hvert rætur þess renna,“ vegna þess að þeir teygja sig alla leið niður undir heiminn, sem enginn getur séð áður en hann eða hún deyr. Guðirnir halda sitt daglega ráð við tréð (Daniel McCoy, 2012).



Kafli 2 - Gođin



Othin 7777

Óðinn

Óðinn er talinn vera æðstur goðanna og hefur hann fleiri viðurnefni en bara Óðinn og má þar nefna: Alfaðir, Yggur, hinn æðsti, Gangleri o.fl.. Þetta goð er vel þekkt, þar sem það eru margar sögusagnir um hann og það sem hann hefur gert. Hann er einnig þekktur sem faðir þrumugoðsins sem við þekkjum sem Þór.

Í goðafræðinni er sagt að Óðinn sé faðir allra þeirra goða og manna sem við þekkjum. Hann er oft séður sem maður sem klæðist vængjuðum hjálm eða löngum lausum hatti, ásamt blágrárrí kápu.


Óðinn getur ferðast til hvaða staða innan þessara 9 heima sem tengjast Yggdrasil. Hann er goð töfra, gáfu og kunnáttu. Seinna á árunum var hann kenndur við stríð og blóðsúthellingar manna á víkingatímum, þó voru engin merki um að hann hafi verið kenndur við slíkt áður fyrr. Ef eitthvað, þá voru þau „stríð“ sem, Óðinn háði áður fyrr heiðarleg.

Sögusagnir segja að Óðinn hafi verið svo örvæntingarfullur í meiri vísu, að hann fórnaði öðru auganu sínu til þess að fá sopa af viskubrunninum sem goðið Mímir gætti.

Annar hæfileiki sem Óðinn hefur er það að, hann getur talað við hina dauðu og þar af leiðandi spurt fyrir hjá vitrustu mönnum veraldar sem löngu voru látnir.

Salur Óðins í Ásgarði er nefndur Valaskjálf, þar sem hásætið hans Hliðskjalfs er staðsett. Frá þessu hásæti fylgist hann með öllu því sem gerist í heimunum níu. Hann á einnig búsetu í Valhöll, en þangað eru látnir hermenn færðir eftir að hafa látist í heiðarlegum bardaga (Johan Egerkrans, 2019).

Frigg / FRIGG



Frigg

Frigg er talin vera eitt misskiptasta goð sem er í goðafræðinni. Henni er oft lýst sem “fremst á meðal gyðjanna,” og auðvitað sem konu Óðins. Hún er drottning Ása og gyðja loftsins. Frigg er einnig þekkt sem gyðja frjósemis, heimilis, ástar og hjónabands.

Margir nemar trú á því að Frigg sé mögulega uppspunnin af sameiginlegri þýskri gyðju. Þó það séu ekki til og ekki búið að finna nein sönnunargögn sem styðja þá kenningu, að þá hafa þessar tvær gyðjur margt sameiginlegt, svo sem eins og nöfnin þeirra og goðsagnakennda eiginleika og einnig þá staðsetningu þar sem þær eru báðar kenndar við. En hvort Frigg hafi einhver tengsl við þessa gyðju eða ekki munum við aldrei vita, en hún hefur mjög mikilvægu hlutverki að gegna í norrænu goðafræðinni.

Goðsagnakenndu forsendur Friggjar eru þær að leggja áherslu á fjölskyldulíf hennar. Þó svo að hún væri talin mjög trú, stóð hún einnig frammi fyrir hræðilegu atviki, sem myndi að lokum verða arfleifð hennar. Sú goðsögn í kringum Frigg er þegar að hún eignaðist son sem hún kallaði Baldur. Hann var ljós hennar og virtist allur heimurinn gleðjast þegar hann fæddist. Frigg var holl og gerði allt til að hjálpa syni sínum að vaxa sama með hvaða hætti sem hún gat.

En hún var líka ótrúlega verndandi gagnvart Baldri, þessi eðlishvöt varð aðeins sterkari þegar Baldur dreymdi draum sem spáði fyrir um hans eigin dauða.

Frigg var sögð vera mjög virðuleg eiginkona (enda kona Óðins), en sagt er að hún notaði oft tækifæri til þess að blanda sjálfri sér í mál eiginmanns síns og annara, þar að leiðandi var það hún sem endaði oft í ágreiningi milli Óðins og utanaðkomandi.

PÓRÞÓR



Þór

Þór, goðið sem ræður yfir þrumum og er mikils metinn stríðsguð. Þór er oft einnig kallaður Ásapór eða Ökuþór og býr hann í Þrúðvangi í höllinni Bilskirnir. Þór á tvo hafra sem draga vagn hans en þeir heita Tanngnjóst og Tanngrisnir.

Þór er þekktur sem sonur Óðins og er sá sem verndar Ásgarð og þá sem þar lifa og búa, enda enginn betur hæfur fyrir það verk en Þór, þar sem hann er sterkastur meðal goða og manna. Þrumugoðið er giftur Sif, gyðja jarðar, og á hann börn, þó ekki öll með eiginkonu sinni. Börn Þórs eru Þrúður og Móði (með Sif), Magni (Jötunmey – Járnsöxu). Stjúpsonur hans er Ullur og að lokum fósturbörn/þjónustufólk hans eru Þjálfir og Röskva.

Hugrekki hans er óaðfinnanlegt og líkamlegur styrkur hans er nánast óendanlegur. Þóri er oft lýst sem hávöxnum, vöðva miklum manni, með rautt hár og rautt skegg. Einnig er oft sagt í sögum að hann sé mjög skapillur og óþolinmóður, enda sagt að það hafi verið auðvelt að reyta Þór til reiði. Oftast kýs Þór að grípa til aðgerða strax, frekar en að hugsa áður út í hlutina og hvað væri til ráða, þetta kemur honum stundum í vandræði.

Margir kannast við hamar Þórs, Mjölni, enda er hann ein frægasta eign Þórs, en það er sjaldan sem hann fer eitthvert án hans. Hamarinn er gerður af dvergum og er þannig gerður að Þór geti kallað aftur á hann, enda bregst Mjölni sjaldan Þóri þegar hann þarf á honum að halda.

Þrátt fyrir að vera frekar stór persóna meðal goðanna að þá eru aðeins fáar sögur til af honum. Helsti óvinur Þórs er Jörmungandur eitt af afkvæmum Loka, en sagt er að þegar Ragnarök skelli á að þá muni þeir báðir falla í bardaga á móti hvor öðrum.

Baidur / BFF WIKI



Baldur

Baldur, sonur Óðins og Friggjar. Oft sagður vera eitt fallegasta goðið, og var hann í uppáhaldi hjá mörgum Ása. Flestir sem vita til Baldurs þekkja hann í tenginu við dauða hans og þeirri hörmung sem fylgdi.

Sögur segja frá því eina tilviki hvernig goðin skemmtu sér með því að henda ólíkum hlutum í Baldur, vitandi það að hann var ónæmur öllu því skaðlega. Það var blinda goðið, Höður sem var sá sem drap Baldur, Höður hafði þá verið blekktur af hinum oft fjandsamlega Loka. Loki var á sá einn goða sem þoldi ekki Baldur af óþekktum ástæðum, en hann laug að blinda goðinu.

Hafði hann þá kastað í Baldur spjót sem var gert úr mistilteini, því eina sem gat valdið honum nokkurt mein. Spjótið lenti beint í hjartastað á Baldri og deyr hann úr sárum sínum.

Mikil sorg ríkti á meðal goða eftir atvikið, enda Baldur mikill vinur allra og vildi fáum illt. Óðinn var æfa reiður og heimtaði að vita hver það var sem stakk upp á þessu mikla ólæti (Johan Egerkrans, 2019).

Freyr? FRMOR



Freyr

Freyr er goð sem kemur af ættum Vana. Hann er „auka“ goð í Ásgarði þar sem hann varð fyrir því atviki að vera tekinn sem gísl þegar Æsar og Vanir áttu í stríði. Freyr er kenndur við frjósemi og uppskeru manna, það ætti þá ekki að koma á óvart að honum var oft færðar fórnir af bændum fyrir uppskeru eða þegar stórveislur líkt og brúðkaup áttu sér stað. Hann ræður einnig bæði regni og skini sólar og þar að leiðandi vexti jarðar. Það var sérstaklega fórnað svíni handa Frey þar sem það var í uppáhaldi hjá honum.

Faðir Freys heitir Njörður og systir hans Freyja, en Freyr býr sjálfur í Álfheimum. Ein frægasta eign sem Freyr átti, er skip hans Skíðblaðnir. Skipið sjálft var framleitt af dvergum (Ívaldssynir) og er það töfra skip sem getur tekið alla Ása og búnaði þeirra, en skipið má og á ekki að not á hafi og einnig er hægt að brjóta saman þannig að það passi í vasa (Daniel McCoy, 2012).

Idunn / 1774



Iðunn

Iðunn er gyðja vorsins og endurnýjunar. Hún er sú gegnir því mikilvæga hlutverki að gæta töfra epla ódauðleikans, í Ásgarði sem halda goðunum ungum. Sagt er að karfan hennar, þar sem öll eplin eru geymd, tæmist aldrei í raun og veru, en ef goðin sleppi að borða þau þá verði þau gömul, hrukkótt og eldast þá alveg eins og við sem búum í Miðgarði.

Helsta sagan sem er þekkt af Iðunni er þegar henni er rænt af hinum mikla jötna, Þjassa, en hann þekkjum við út frá sögu Skaða.

Iðunn er eiginkona skáldasmiðsins Braga, ekki er margt annað vitað um Iðunni þótt hún gegni þessu mikilvæga hlutverki.

Freyja / FRIMMISF



Freyja

Freyja er ein af fremstu gyðjunum í norrænni goðafræði, gyðja ástar og frjósemi. Hún er af ættkvísl Vana, Vana sem urðu heiðursfélagar Æsa guðanna eftir Æsa-Vana stríðið. Faðir hennar er Njörður. Móðir hennar er óþekkt. Freyr er bróðir hennar. Eiginmaður hennar, sem heitir Óttar í seinni norrænum bókmenntum, er enginn annar en Óðin.

Freyja er fræg fyri ást, frjósemi, fegurð sína. Og þess vegna talin vera aðal stúlkan hjá Æsum. Í einu af Eddu kvæðunum til dæmis, ákærir Loki Freyju fyrir að hafa sofið hjá öllum guðunum og álfunum og þar með talið bróður sínum. Hún er vissulega ástríðufull og sækist eftir ánægju og spennu, en hún er miklu meira en aðeins það. Freyja er óvenjuleg, fagleg og mjög fær í göldrum. Freyja bar fyrst fram þessa list til guðanna og í framhaldi til mannanna. Í ljósi sérþekkingar hennar við að stjórna og meðhöndla óskir, heilsu og velmegun annarra, er hún með mikla þekkingu og völd.

Freyja ræður yfir þjóðgarðinum eftir dauða. Samkvæmt einu norrænu ljóðinu velur hún helming stríðsmanna sem eru drepnir í bardaga til að búa þar.

LOKI / MCKI



Loki

Loki, í norrænni goðafræði er hann oft illgjarn og þá sérstaklega svikulegt goð. Hann er þekktur fyrir að blekkja aðra, hvort sem það er goð eða einhver annar.

Loki er talinn til Ása og er hann dýrkaður þar sem goð, þó hann sé það í rauninni alls ekki. Loki er í raun jötun og kemur þar að leiðandi frá Jötunheimum, en hann er sonur jötnanna Fárbauta og Laufeyjar.

Í raun er ekki beint hægt að segja að Loki sé vondur, en hann heldur ekki góður. Loki er bæði sviksamur og snjall, hann kemur alltaf upp með nýjar hugmyndir til að ónáða og koma fólki í einhverslags vandræði.

Loki á einnig þann ótrúlega eiginleika að hann getur breytt bæði lögun sinni og kyni. Loki var tilnefndur sem félagi hins mikla guðs Óðins og Þórs, með því að hjálpa þeim með sínum snjöllum hugmyndum, þótt hann hafi ollið þeim og sjálfum sér vandræðum í mörg skipti gegnum tíðina.

Þótt Loki hafi oft gert at í goðunum þá hefur hann ekkert meint neitt of illa með því, en samt tókst honum nú samt að ganga of langt í eitt skiptið. Það skipti var þegar hann var orsökinn á því af hverju Baldur (sonur Friggjar og Óðins) dó. Eftir það atvik var honum harkalega refsað af Ásunum sem létu hann vilja hefnd eftir að hafa losnað úr þeirri refsingu.

Án Loka væru líklega engin Ragnarök, og er hann fremur flókinn karakter sem sýnir vel það dökka samband milli Ása og Jötna (Daniel McCoy, 2012).

Sigyn? SIXTY



Sigyn

Sigyn er gift Loka, en saman eiga þau tvo syni sem heita Narfi og Vali. Ekki eru til margar sögur af Sigyn og er hún aðallega þekkt fyrir það að hún hjálpar Loka þegar honum er refsað af Ásunum. Eftir að Loki gekk of langt með brellur sínar og illgirni var honum refsað með því að vera bundinn í helli.

Í loftinu í hellinum hangir eitruður snákur, en hann drýpur eitri í andlit Loka, sem er talið vera svo sársaukafullt að þegar Loki emjar hristist öll jörðin.

Sigyn sem elskar eiginmann sinn meira enn allt, ákveður að standa með honum sama hvað, bæði dag og nótt. Hún er sú sem heldur öskju yfir andliti eiginmanns síns svo að eitrið fari ekki í andlitið á honum, en þegar askjan fyllist neyðist hún að hlaupa til og tæma hana sem veldur því að Loki emjar af sársauka.

Öskrin í Loka er það sem veldur því að það verða jarðskjálftar í Miðgarði. Sigyn er sögð vera með Loka þar til að Ragnarök skella á, en þá myndi Loki brjótast úr keðjum sínum og hefna sín á ásum fyrir þessar misþyrmingar.

Njörður? + R 711R



Njörður

Njörður er það goð sem ræður vindi, auðæfum og ströndum. Njörður er komin af Vana ættum, enda er hann faðir Freys og Freyju. Njörður giftist systur sinni Nesthus og áttu þau tvö börn saman, Freyju og Frey. Önnur eiginkona hans hét Skaði, en hún er dóttir jötnarans Þjassa hún er goð veturs og veiðimanna.

Njörður eignaðist sína aðra eiginkonu eftir að Þjassi (faðir Skaða) var drepinn. Í skaðabætur úr því mátti Skaði velja hvaða ás sem er til að giftast sér, en hún þyrfti þá að gera það með því að líta aðeins á lappirnar á þeim. Eftir að hafa valið þá fegurstu fætur sem henni fannst líklega tilheyra Baldri (sonur Friggjar og Óðins) kom þá í ljós að sá sem átti þær fætur var Njörður.

Skaði og Njörður áttu í miklum erfiðleikum með að velja hvar þau áttu að búa eftir atvikið. Henni líkaði ekki við hans heimili, Nóatún við sjóinn en Njörð líkaði ekki við hennar heimili sem var við skóg. Til að leysa vandamálið ákváðu þau að lifa fyrri helminginn af árinu í Nóatúni og hinn helminginn við heimili hjá Skaða.

Sif / SIF



Sif

Sif er eiginkona stríðsguðsins Þórs. Arfleifð hennar hefur verið skyggð af eiginmanni sínum en hún var í senn mjög viðurkennd og mikilvæg gyðja sem fólk trúði mikið á. Hún var gyðja hveiti, frjósemis og fjölskyldu. Það eru mjög fáar upplýsingar til um gyðjuna en það sem við vitum um hana sýnir að hún var mjög mikilvægur guð fyrir Norðmenn.


Henni er lýst sem fallegru konu með hár sem var eins gyllt og sólin. Sif tengdist umönnun fjölskyldunnar og frjósemi, en Þór var seinni eiginmaður hennar, hennar fyrsti var risinn Orvandil. Hún er oft borin saman við aðrar gyðjur eins og Freyja eða Fjörgyn.

Trúarbrögð sem fela í sér Sif eru mörg en hlutverk hennar eru óbein. Þetta er ekki þar með sagt að hún hafi ekki verið mikilvæg gyðja. Mikilvægi hennar fyrir norræna goðafræði er aðallega í táknrænum framlögum hennar.

Þór, eiginmaður Sif, er þekktur fyrir harða og karlmannlegt orðspor. En hann var alveg yfir sig ástfanginn af Sif, sem var ótrúlega fögur. Hennar þekktasti eiginleiki var síða og þykka hár hennar sem var með hið fullkomna litbrigði af gulli. Það flæddi langt niður á bak hennar og virtist alltaf vera gallalaust (Geller, 2016).

Heim Jallus

N.M.I.A.A.M.M.R



Gjöll

Heimdallur

Heimdallur er sonur níu systra og Óðins og er hann varðmaður Ása og Ásgarðs. Hann er búsettur við enda Bifrastar í virkinu Himinbjörg. Heimdallur er einnig með tvö önnur nöfn, þ.e.a.s. Gullintanni og Hallinskíði. Fyrra viðurnefnið fékk Heimdallur þar sem að tennur hans eru bókstaflega gerðar úr gulli, en hið seinna nafn er talið að hann hafi fengið vegna tengingu við eitthvert hrútagoð.

Sagt er að hann sinni starfi sínu best, enda enginn annar hæfari í það en hann þar sem að hann bæði sefur jafnmikið og fugl og getur séð marga kílómetra fjarlægð frá sér (hefur mjög góða sjón). Einnig er sagt að heyrnin hans sé svo skýr að ekkert fer fram hjá honum, ekki einu sinni vöxtur grass og ull kinda.

Heimdallur á eitt horn, sem nefnist Gjallarhorn, en hann mun síðar meir blása í það við upphaf Ragnarökar. Einnig á hann hest mikinn sem nefnist Gulltoppur.

Heimdalli er einnig eignuð stéttaskipting manna þar sem sagt er frá því að hann hafi ferðast undir dulnefninu Rígur til manna og gist á þremur stöðum, hjá Áa og Eddu, Afa og Ömmu og Föður og Móður. Hann dvaldi þrjár nætur á hverjum stað og níu mánuðum síðar ólu konurnar synina Þræl, Karl og Jarl. Í framhaldinu kennir Heimdallur Jarli en hina syni sína lætur hann afskiptalaus en frá þeim eru komnar ættir þræla og vinnuhjúa, bænda og iðnmanna, höfðingja og konunga.

Tyrr ↑ IR



Týr

Í goðafræðinni er Týr goð heiðarleika og laga. Einnig er hann kenndur sem stríðsgoð, oft nefndur herra sverðsins og hetjulegrar dýrðar. Hann er sterkur mjög, gáfaður og þykir hann hugrakkastur Ása. Týr er sagður kunna best við sig þar sem orrusta liggja fyrir, enda sé hann sá sem veitir mönnum styrk og baráttu eðlið.

Þriðjudagur á ensku (Tuesday) er nefndur þetta eftir Týr, einnig týsdagur á dönsku (tirsdag).

Fyrir svo vinsælt goð að þá er uppruni Týs óljós og dularfullur. Sagt er frá uppruna hans á tvo mismunandi vegu, sú fyrsta hljóðar svo að hann sé sonur Óðins (með ónefndri móður) og hin segir frá að hann komi frá jötninum Ými en hafi snúið baki í þá ætt og var þannig hluti af ásum. Sumir telja jafnvel að þar sem þessar tvær sögur virðast ekki það ótengdar að Týr gæti þess vegna verið ættleiddi sonur Óðins.

Týr missir síðar hægri hönd sína er goðin bundu niður Fenrisúlfi, þar eð hann einn þorði að leggja hönd sína að veði er Fenrir var efins um hvort Æsir myndu leysa sig ef hann gæti eigi slitið af sér álagafjötrinn Gleipni.

Kafli 3 - Vættir og óvættir

Tröll ↑ R X II



Jötnar





Kettir Fresnu

<M↑↑IR

KRMMS>N



Níð höggur / 117HXXNR





Huginn,

ᚷᚢᚰᚲᚲ

Munin?

ᚷᚢᚰᚲᚲ

Valkyrja / 𐌵𐌹𐌿𐌶𐌰𐌺𐌽𐌰𐌺𐌰



Lýsingar á verum

Tröll – Stórar verur sem margir kannast við. Ekki nema þú sért fljótur að hugsa að þá telst aldrei gott að rekast á tröll á förnum vegi, þar sem að rekast á tröll endar yfirleitt alltaf illa. Tröll eru talin oftast vera með lítið vit, en geta þó verið snögg í hreyfingum.

Jötnar – Jötnar eru flestir, ef ekki allir afkomendur risans Ými, sem var drepinn af Óðni og hans bræðrum. Jötnar koma í öllum stærðum og gerðum, í norðri búa Hrímpursar, eða Frost-jötnar. Í djúpa sæi leynast Haf-jötnar og í heita Múspellsheimi eru hinu bráðlyndu Eldjötnar. Margir verða fyrir þeim misskilningi að jötnar séu flest allir eins, en það er ekki rétt. Jötnar geta verið frá því að vera líkt fallegasta goði sem hefur sést, út í það að vera hreint út vanskapað. Til er gróft dæmi um jötunn sem var það vanskapað að höfuðin sem voru á líkamanum rifust gjarnan.

Keppir Freyja – Vitað er um að Freyja ferðast oft í sporvagni, en sá sporvagn er dreginn af tveimur köttum sem eru í hennar eigu.

Níðhöggur – Níðhöggur er dreki sem dvelst neðst að Yggdrasil þar sem hann nartar í rætur trésins. Þetta er auðvitað skaðlegt gagnvart trénu sjálfu þar sem Yggdrasill er nokkurskonar aðkomuleið í alla níu heimana. Ástæðan fyrir hans sérkennilega nafni „Níðhöggur“ er það að hann er sá sem étur þau lík af hinum dánunum sem falla þarna niður.

Huginn og Munin – Huginn og Munin eru tveir hrafnar sem eru yfirleitt á herðunum á Óðni. Þeir gegna því hlutverki að færa þær ýmsu fréttir frá öllum heimunum til Óðins, mætti jafnvel segja að þeir væru nokkurskonar gæludýr ef svo má taka til orða.

Valkyrja – Valkyrjurnar eru þær gyðjur sem hafa það hlutverk að velja þá sem falla í bardaga til að búa í Valhöll fyrir hönd Óðins.

Börn Loka

Vitað er um að Loki hafi átt nokkur börn, en þó eru þessi þrjú sem standa upp úr. Ástæða þess er vegna þeirra hlutverka sem þau gegna í Ragnarökum.

Hela

Hela, eða Hel er Dóttir Loka og Angurboðu og er henni lýst sem hálfri manneskju og hálfu líki. Oftast er hún teiknuð á þann hátt að hún vekti ótta í augum manna, er líka sögð vera gráðug persóna.

Hela er alin upp í Ásgarði þangað til að hún var nógu gömul til að taka við af því fyrirbæri sem við myndum í dag kalla helheim. Á þeim dögum sem hún var enn í Ásgarði er sagt að hún hafi verið mjög hrifin af Baldri, hinum fagra. Þess vegna gladdist hún þegar hann loks kom til hennar eftir dauða sinn.

Þeir sem deyja og fara ekki til Surts eða Valhallar fara til heljar þar sem þeir eru frystir þangað til heimurinn endar. Það var sagt að þeir sem dóu snemma í lífinu hljóta að hafa ástfangað Hel þar sem hún tók þá til sín svo snemma.

Í Ragnarökum styður her Heljar Loka, og er sagt að varðhundur Heljar berjist við Týr og drepa þeir þannig hvort annað.

Í sumum löndum er sagt að Hel hafði mismunandi merki til að segja fólki að dauði var á leiðinni. Danir sögðu að hestur með þrjá fætur kæmi með sýkla, en Svíar sögðu að hrafn með brotinn gogg dræpi krakka fyrir Hel.

Hel
NMP



Fenrir

Skömmu eftir að Fenrir fæddist reyndu guðirnir að samþykkja hann sem afkvæmi Loka og leyfðu honum að vera í Valhöll. Það kom fljótt í ljós að hann var of hættulegur til að mega vera þar með þeim, svo þau slepptu honum út í Miðgarð, en eftir að Óðinn sá spádóm um að Fenrir mundi drepa hann í Ragnarök ræddi hann við guðina og þau komu með plan til að plata Fenri.

Fenrir } FENRIR



Jörmungandur

Einnig kallaður "Miðgarðs-ormur", er snákur eða dreki sem býr í sjónum sem umlykur Miðgarð. Hann er svo gífurlega stór að líkami hans myndar hring í kring um allan Miðgarð. Eftir að hann byrjaði að stækka eftir fæðingu sína ákvað Óðinn að kasta honum út í sjó við Miðgarð þar sem hann hélt áfram að stækka þar til að sagt er að hann gat bitið í sér eigin hala.

Jörmungandur } S R A N T X F + D N R



Sleipnir

Sleipnir er í raun allt önnur saga og tengist ekkert þessum systkinahópi fyrir utan að vera „hálfbróðir“ þessara skepna.

Sleipnir er stór, vöðvamikill hestur með átta fætur í staðinn fyrir fjóra, feldur hans er grár líkt og þrumuský. Auka fæturnir hans eru tengdir reglulegu fótunum hans, vaxandi upp úr öxlum hans. Í sumum myndum er Óðinn sýndur ríða Sleipni þar sem hann er hans helsti fákur.

Sleipnir er barn Loka og Svaðilfarar, risastórs hests sem var ráðinn til að byggja upp víggirði fyrir goðin. Loki, var þá í formi hryssu og fæðist Sleipnir þá síðar.

Sleipnir/ SLEIPNIR



Örlagadísirnar

Örlaganornirnar þrjár, eða skapanornirnar, heita Urður, Verðandi og Skuld. Urður er norn fortíðar og elst af þeim öllum. Nafn hennar merkir "það sem orðið er". Verðandi, "hin líðandi stund", er norn nútímans og Skuld, "það sem skal gerast" (samstofna sögninni "að skulu"), er norn framtíðar.

Samkvæmt norrænni goðafræði spinna skapanornirnar mönnum örlög; þær spinna þræði fyrir hverja manneskju sem fæðist á jörðinni og ákvarða þannig allt lífshlaup hennar. Jafnvel æsirnar hafa sína eigin þræði en þeir fá hins vegar aldrei að sjá þá. Nornirnar geta líka séð framtíðina. Þær spáðu til að mynda fyrir um ragnarök, það er hvernig og hvenær heimurinn mun farast.

Skapanornirnar búa við Urðarbrunn í Ásgarði, en Urðarbrunnur stóð við eina af þremur rótum Asks Yggdrasils. Önnur rót er yfir Niflheimi og þar er viskulindin Mímisbrunnur. Þriðja rótin er í heimi hrímpursa. Örlaganornirnar vökva Ask Yggdrasils með hvítri leðju til að viðhalda lífskrafti hans (Eva Hrund Hlynsdóttir, Katrín Arndís Blomsterberg Magneudóttir og Helgi Kristjánsson, 2005, 11. júlí).

Verðandi / NMR7FKMI

SKuld / SKNNA

Ufður / NR7NR



Kafli 4 – Sögusagnir

Týr og Fenrisúlfr

Fyrst afkvæmi Loka og Angurboðu var Fenrisúlfr. Æsir skiptu sér ekkert mikið af Fenri á þessum tíma þar sem hann var enn svo lítill. Fenrir fékk þannig að alast upp í Ásgarði þar sem hann var sonur Loka, en endaði þetta með því að Fenrir hætti ekki að vaxa svo enginn annar en Týr þorði að nálgast hann til að gefa honum mat á endanum.

Eftir því sem dagarnir liðu fóru Æsar að óttast Fenri meir og meir. Þeir komust að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að þeir skyldu fjötra hann niður. Fyrsti fjötur þeirra kölluðu þeir Læðing, en þá nálgudust þeir Fenri og báðu hann um að athuga hvort hann gæf leyst sig úr fjötrunum til að athuga styrk hans. Fenrir leyfði þeim að fjötra sig en um leið og hann spyrnti við brotnaði fjöturinn í sundur. Æsir gerðu þá aðra tilraun og bjuggu þá til annan fjötur er þeir nefndu Dróma og átti hann að vera sterkari heldur en Læðingi. Enn báðu þeir úlfinn að athuga hvort hann gæti sprengt af sér fjöturinn og eftir að þeir höfðu fjötrað Fenrir kom í ljós að hann átti ekki í miklum vandræðum með að sprengja þennan fjötur af sér líka.

Eftir þessa atburðarás fóru Æsir að óttast að þeir myndu aldrei geta bundið úlfinn niður. Óðinn leggur þá fram þá tillögu að senda Skírni, sem var sendimaður Freys, ofan í Svartálfaheim til dverga nokkurra og biðja þá um að gera fyrir sig fjötur. Frey leist vel á hans tillögu og sendi hann Skírnir til dvergana, sem gerðu handa þeim fjötur er kallaður var Gleipnir.

Gleipnir var gerður úr sex mjög ólíkum hlutum, sem varla virðist vera rökréttir. Þessir hlutir voru; dyn kattarins, andi fisksins, hráki fuglsins, skegg konunnar, rætur bjargsins og sinar bjarnarins. Þennan fjötur fóru Æsar með til úlfsins og báðu þeir hann um að sprengja hann af sér ef hann gæti. Fenrir var hins vegar ekki heimskur og grunaði hann að þetta væri ekki allt eins og sýndist. Fenrir gerði þá kröfu um að einhver einn ásanna skyldi leggja hönd sína í munn sér á meðan hann yrði bundinn svo hann gæti verið viss um að hér væru engin brögð í tafli. Týr var sá eini sem hafði

kjark í að leggja hönd sína í munn úlfsins og á meðan hún lá þar fjötruðu hinir ásarnir úlfinn niður. Eftir að úlfurinn var fjötraður tók Fenrir að spyrna og sparka en ómögulega gat hann sprengt af sér þennan fjötur. Úlfurinn varð því loks fjötraður, og var hann það allt fram að Ragnarökum, en Týr missti hönd sína í kjafti hans. Í Ragnarökum tókust svo á Fenrir og Óðinn en Fenrir fór þá með sigur úr bítum þar sem hann gleypti Óðinn. Sonur Óðins, Víðar hinn þögli, hefndi að lokum föður síns með því að drepa Fenrir. Frá Fenri er þó komin öll ætt úlfa, einnig þeir tveir sem eltu sólina og tunglið um himinhvolfið.



Dauði Baldurs

Þegar Baldur byrjaði að dreyma um dauða sinn, fór Frigg hringinn í kring um heiminn til að tryggja að ekkert kæmi fyrir son sinn. Örugg um að Baldur væri ósigrandi. Eftir það skemmtu guðirnir sér með því að henda í Baldur ýmis vopn og öðrum handahófskenndum hlutum, vitandi það að hann myndi ekki slasast.

Loki, hinn óprúttni var hins vegar ekkert skemmt, skynjaði hann þá tækifæri til illsku. Hann spurði Frigg hvort hún hefði gleymt einhverju sem gæti verið oddhvasst og hættulegt til dæmis mistilteinn, sem hún taldi ekki vera en Loki komst að því að hægt væri að gera spjót úr mistilteini sem og hann gerði. Hann sannfærði síðan blinda guðinn Höður um að kasta spjótinu í Baldur. Spjótið fór beint í Baldur og hann féll hann samstundis niður dauður

Hin harmislegnu æsi lögðu til að eitt af þeim skyldi ferðast til undirheimana (Helheims) til að athuga hjá Hel drottningu dauðraríkisins hvort hægt væri að endurheimta Baldur aftur frá dauðum. Hermóður, annar af sonum Óðins, samþykkir að fara í þessa ferð. Til ferðarinnar reið hann Sleipni reiðfák Óðins til bústaðar Heljar. Þegar hann kom, fann hann bróður sinn, fölan og myrkan, sitjandi í sæti við hliðina á Hel. Hermóður grátbað Hel um að sleppa Baldri, eftir langa og mikla sannfæringu svaraði hún því að hún myndi senda hann til baka ef og aðeins ef allt, bæði lifandi og dauðir, í heiminum myndu gráta Baldur – til að sanna með öðrum orðum að hann væri eins elskaður í alheiminum eins og Hermóður sagði.

Hermóður snéri aftur heim til Ásgarðs með þessar fréttir. Frigg og fleiri voru fengnir til að ríða um heim allan og biðja allt og alla að gráta dauða Baldur. Allir gerðu það nema ein gýgja sem svo kom í ljós að var Loki dulbúinn. Þegar að Æsir komust að því að þetta hafði verið Loki þá flúði hann og dulbjó sig sem lax. Þeir fundu hann samt og var hann bundinn niður með þörmum sonar síns yfir steinhellur og síðan festur eitruður ormur yfir hann sem lak á andlit hans og lá Loki þarna allt fram að Ragnarökum. Baldur var fastur til eilífdar í Niflheimi.



Kvasir og skáldarmjöðurinn

Vitað er af því að goðin hrifust mjög af kvæðum og skáldskap. Goð að nafninu Bragi er það goð sem ræður öllum skáldskap, sem er frekar kaldhæðnislegt af því að braghættir er fyrirbæri sem er notað til þess að búa til kvæði, og þekkja það flest allir í gegnum íslensku kennslustundir.

Einn daginn spurði ásinn Ægir hver uppruninn á skáldskap væri? Bragi svarar honum, að uppruni hans átti sér stað þegar Vanir og Ásar voru í ósætti. Þegar bæði liðin ákváðu að gera vopnahlé og tala við hvort annað. Í sameiningu ákváðu báðir aðilar að semja um frið og spýttu í báðar hliðar á tunnu, eftir það tók Óðinn tækifærið og tók tunnuna með sér í Ásgarð, úr því skapaði hann síðan mann úr hrákunni og nefndu þeir hann Kvasi.

Kvasir reyndist vera bæði fróður og gat nánast svarað hvaða spurningu sem hann var spurður. Ásar leyfðu Kvasa að ferðast um af frjálsum vilja og fór hann einn daginn í Svartálfaheim. Þar hitti hann tvo dverga sem kölluðu sig Fjalar og Galar. Þeir spurðu hann af því, hvort þeir gætu ekki átt orð við hann út af fyrir sig, hann játaði því.

Því miður reyndist þetta bara vera brella hjá þeim dvergum, því þegar þeir fóru í eitt herbergið drápu Fjalar og Galar Kvasi. Eftir að hafa drepið Kvasi skáru þeir hann á háls og létu þeir blóð hans síðan renna í tvær tunnur. Við blóðið blönduðu þeir saman hunangi og kölluðu þeir verk þetta skáldarmjöðurinn, en hver sem drekkur af honum verður annað hvort skáld eða mjög fróður.

Dvergarnir sögðu ásum að Kvasir hafi dáið af völdum þess að enginn gat spurt Kvasi spurningu sem hann gæti ekki svarað. Seinna buðu dvergarnir síðan Gillingi og konu hans (vini þeirra) að skoða fenginn, þau samþykktu það. Dvergarnir sóttu hjónin á bát og héldu för sinni að Svartálfaheimi. Hins vegar gerðist það óhapp að dvergarnir stýrðu bátinum á steina og mól, sem lét bátinn halla það mikið að þau duttu utanborðs ofan í sjóinn. Gillingur gat ekki synt og þar að leiðandi sökk hann á hafsbót og drukknar samstundis.

Eftir að sonur Gillingar, Suttungur fékk fréttirnar varða hann reiður og sár, enda hótaði hann að drepa dvergana tvo ef ekkert væri gert. Þeir báðust miskunnar af Suttungi og sögðu við hann að ef hann myndi ekki drepa þá að þá mætti hann eiga aðra tunnuna af skáldarmjöðinum, sonurinn samþykkir þetta og fer heim með mjöðurinn í skaðabætur fyrir dána föður sinn.

Eftir að Suttungur kemur heim felur hann tunnuna í bergi og biður dóttur sína, Gunnlaugu að gæta tunnunnar, sem hún gerir. Þegar æsar fréttu af hvað hefði skeð ákváðu þeir að ná skáldarmjöðinum handa sjálfum sér. Óðinn finnur bróður Suttungs, Bauga og dulbýr sig sem vinnumann og býðst til þess að vinna fyrir hann. Að launum fyrir sína vinnu vildi hann fá sopa af skáldarmjöðinum. Baugi segist ekki ráða því, að Suttungur bróðir sinn haldi mjöðinum út af fyrir sig. Þeir spyrjast fyrir hjá Suttungi hvort hægt væri að fá sopann, en Suttungur svaraði því harðneitandi.

Því næst ákváðu Óðinn og Baugi að plata Suttung til þess að fá sopann, endar þetta með því að Óðinn svíkur Bauga þegar Baugur hafði borað holu í bergið þar sem mjöðurinn leynist. Óðinn treður sér í gegnum gatið með því að breyta sér í orm, þegar Óðinn kemst í gegnum bergið kynnist hann dóttur Suttungs, Gunnlaugu. Þau gera þann samning að ef Óðinn myndi sofa hjá sér í þrjár nætur að þá mætti hann fá þrjá sopa af skáldarmjöðinum.

Óðinn var ekki lengi að samþykkja þetta. Eftir þrjár nætur gleypir hann í sig allan mjöðinn í þremum stórum sopum og skiptir svo um ham, breytir sér örn og flýgur í burt í átt að Ásgarði. Suttungur verður æfur af reiði og breytir sér sjálfur í örn og eltir Óðinn upp í tilraun til að stoppa hann. Suttungur nær honum hins vegar ekki og Óðinn kemst þar að leiðandi upp með þennan glæp.

Eftir þetta gaf Óðinn Ásum og Miðgarðs fólki mjöðinn með sér, þannig urðu skáld til á jörðinni (Miðgarði).

Bragi & BRF XI



Óðinn og Mímisbrunnur

Sagt er frá þeirri sögu af Óðni að í eitt skipti hafi hann skipt öðru auganu úr sér í stað fyrir meiri vísu.

Mímir sjálfur var dularfullt goð sem er talinn hafa búið fyrst í Ásgarði ásamt hinum ásunum. Hins vegar skall þar á stríð hjá Vönum og Ásum, en þegar eftirtaldir aðilar ákváðu að semja um frið gerðu þeir það með því að skipta á gíslum svo friður yrði ekki rofinn. Njörður og börnin hans tvö, Freyr og Freyja, voru vanir sem send voru til að búa í Ásgarði en Mímir og Hænir voru sendir til að búa í Vanaheimi. Vönum fannst þeir vera sviknir með þessum skiptum og ákváðu þá að höggva höfuðið af Mímir og sendu þeir svo Óðni höfuðið. Óðinn lífgaði höfuð Mímis við með því að leggja á það jurtir og fara með máttugar vísur.

Það er sagt að Mímisbrunnur sé viskubrunnur sem í norrænni goðafræði stendur undir einni af rótum heimstrésins, Asks Yggdrasils í Jötunheimum. Mímir gætir brunnsins og heitir hann eftir honum. Sá sem drekkur vatn úr brunninum verður margs vísari í hvert sinn. Mímir drekkur af honum dag hvern og er þess vegna afar fróður. Aðrir verða að gjalda dýru verði fyrir sopann. Þannig þurfti Óðinn að gefa annað auga sitt fyrir sopann og liggur það á botni Mímisbrunns.

Mimir



Haddur Sifjar

Einn dag ákvað vandræðagemsinn Loki að gera enn eitt prakkarastrikið. Hann læddist inn í herbergi Sifjar (eiginkona Þórs) og klippti af henni fallega hárið. Daginn eftir vaknaði Þór við mikinn grát og eftir að hafa séð hvað hafði skeð varð hann öskuillur af bræði. Hann strunsaði til Loka og heimtaði hann að hann skyldi laga þetta, ef ekki myndi hann brjóta í honum hvert og eitt einasta bein í líkama hans. Loki tók þessu sem viðvörðun og var þá betra að hlýða Þóri, hann ferðaðist þá til Svartálfaheims. Þar fann hann tvo dverga sem voru Ívaldssynir og sannfærði hann þá um að búa til hár handa Sif sem væri jafn þunnt og ekta hár. Gerðu þeir það. Ofan á þetta vildu dvergarnir gera fleiri hluti til að gleðja goðin, handa Frey gerðu þeir Skipið Skíðblaðni. Handa Óðni bjuggu þeir spjótið Gungni sem er gert þannig að það hitti alltaf á það sem því er beint að.

Við þetta ætti Loki að láta gott heita og halda aftur heim í Ásgarð, ekki satt? Rangt, eftir vinnu dverganna fór hann og gerði veðmál við tvo aðra dverga, Sindra og Brokk. Hann veðjaði við þá að þeir gætu ekki búið til betri gripi en Ívaldssynir höfðu gert, en sá sem myndi vinna þetta veðmáli myndi fá að halda höfði á þeim sem tapaði. Dvergarnir tveir hófust strax handa við smíði, Loki vildi vera viss um að þeim bræðrum myndi mistakast þannig að hann breytti sjálfum sér í mýflugu og beit þá meðan þeir unnu verk sín. Hins vegar hafði þetta lítil sem engin áhrif á dvergana og héldu þeir þannig bara vinnu sinni áfram, Brokkur blés í físisbelginn og Sindri smíðaði.

Fyrsti gripur þeirra var göltur, sem gerður var úr skíragulli og var hann nefndur Gullinbursti. Næsti gripur þeirra var Gullhringurinn Draupnir, en á níu náttu fresti birtast alltaf 8 fleiri hringir í viðbót við hann. Sá þriðji og síðasti hluturinn var við það að verða tilbúinn, stakk þá Loki Brokk svo fast í ennið að honum fór að blæða. Þetta varð til þess að það blæddi í augun á Brokk þannig að hann þurfti að stansa í sekúndubrot til að blása í físisbelginn. Þrátt fyrir þetta óhapp varð gripurinn í lagi og kölluðu þeir þann grip, Mjölni.

Nú fóru Loki og Brokkur með alla gripina í Ásgarð til að kynna þá fyrir goðunum. Óðinn fékk gripina; Draupni og Gungni, Frey var færður gullinbursti og skíðblaðni og að lokum var Þóri fært hadd Sifjar og hamarinn Mjölni. Eftir deilur milli ása komust þeir að þeirri niðurstöðu að hamar Þórs, Mjölmir væri besti gripurinn af öllum þessum fjársjóðum. Þá rann upp fyrir Loka að hann hafði tapað eigin veðmáli og ætlaði hann að lauma sér í burt þegar Þór náði í hnakkadrambið á honum. Á þeirri stundu þegar Sindri og Brokkur ætluðu sér að höggva af höfuðið á Loka benti hann þeim á það að þeir höfðu aðeins veðjað á „höfuð einstaklingsins“ en ekki hálsinn.

Óðinn virtist vera sammála Loka að þessu leyti og samþykktu dvergarnir það. En þeir bræður sneru samt ekki til baka án þess að láta Loka gjalda einhvers, þannig endaði það með því að Brokkur saumaði fyrir munn Loka svo ekki myndi þurfa að hlusta á lygavaðalinn í honum (Johan Egerkrans, 2019).

Kafli 5 - Endalokin

Fimbulvetur

Einhvern daginn munu dísirnar þrjár (Urður, Verðandi og Skuld) spá þeim örlögum sem goðin munu verða fyrir, þeirra endalok. Að það myndi koma sá tími að mikill vetur mun koma alls staðar að, ólíkur öllum öðrum vetri sem nokkurn tíma hefur áður sést.

Vindurinn mun þá vera svo bítandi og mun blása snjó frá öllum áttum, og hlýnun sólarinnar steypast niður í kalt frost. Þessi vetur skal síðan endast í lengd þriggja venjulegra vetra, en án sumars þar á milli. Mannkynið verður að lokum svo örvæntingarfullt fyrir mat og öðrum nauðsynjum lífsins að öll lög og siðferðisbrot munu falla í burtu, þannig að aðeins verði baráttan til að lifa af gilda.



Fimbulvetur

Ragnarök

Ragnarök er í sjálfum sér eyðing alheimsins og allt í því sem honum tengist - jafnvel goðin. Þegar norræn goðafræði er sögð í tímaröð, kemur sagan af Ragnarökum að sjálfsgöðu í endanum.

Í Ragnarökum mætast að lokum hið góða og hið illa í heiminum en þannig er heimurinn sagður rísa að farast. Úlfarnir tveir sem sagðir eru elta höfðu sólina og tunglið frá upphafi heimsins náðu loks að gleypa þau og í myrkrinu urðu jarðskjálftar miklir.

Þá blæs Heimdallur í lúðurinn til að gefa til kynna um neyðarástand og fram reið Óðinn með sitt lið. Hans menn voru auðvitað Þór, Freyr, Týr og Heimdallur en fyrir aftan voru allir þeir einherjar sem búið höfðu í Valhöll, valkyrjur og berserkir. En á móti þeim kom skipið Naglfar með alla þá dauðu menn er búið höfðu í Niflheimi.

Stýrimaður Naglfars var Hrymur sem er þá jötunn, en skipstjórinn var mesti óvinur goða og manna, enginn annar en sjálfur Loki. Hann og Fenrisúlfr höfðu brotist úr fjötrum sínum við hina miklu jarðskjálfta en Miðgarðsormur komst upp á land á þessum sama tíma. Þeim fylgdu svo Eldjöttnar og Hrímpursar.

Lokaorð

Þú hefur nú lokið við lestur á þessari bók, ég þakka þér fyrir það. Vonandi var þessi bók bæði skemmtileg og jafnframt fróðleg fyrir þig að lesa og skoða.

Heimildaskrá:

Eva Hrund Hlynsdóttir, Katrín Arndís Blomsterberg Magneudóttir og Helgi Kristjánsson. (2005, 11. júlí). Hvað hétu örlaganornirnar í norrænni goðafræði? *Vísindavefurinn.is*. Sótt 19. Febrúar, 2020 af: <http://visindavefur.is/svar.php?id=5124>

Frith Alex (2015. Upphaflega útgefin 2013) Sögur úr norrænni goðafræði. – Reykjavík. Rósakot ehf.

Geller. (2016, 9. November). Frigg. *Mythology.net*. Sótt 8. Febrúar, 2020 af: <https://mythology.net/norse/norse-gods/frigg/>

Højbjerg, M. (n.d.). Freyr the God of... *norse-mythology.net*. Sótt 15. Mars, 2020 af: <https://norse-mythology.net/freyr-the-god-of-fertility-in-norse-mythology/>

Højbjerg, M. (n.d.). Njord a Honorary... *norse-mythology.net*. Sótt 30. Mars, 2020 af: <https://norse-mythology.net/njord-a-honorary-member-of-the-aesir-in-norse-mythology/>

Højbjerg, M. (n.d.). Kvasir and the Mead... *norse-mythology.net*. Sótt 4. Apríl, 2020 af: Retrieved from <https://norse-mythology.net/mead-of-poetry/>

Højbjerg, M. Thor the God of Thunder in Norse Mythology. (n.d.). *norse mythology.net*. Sótt 25. febrúar, 2020 af: <https://norse-mythology.net/thor-the-god-of-thunder-in-norse-mythology/>

Iðunn Steinsdóttir (2008) Lífið í Ásgarði. Reykjavík.

Iðunn Steinsdóttir (2017) – Óðinn og bræður hans og Æsir á fjúgandi ferð. Reykjavík. Menntamálastofnun.

James Graham Campbell (2001. Upphaflega útgefin 1980) The Viking World. Bretland. Frances Lincoln.

Jean I. Young MA, PhD (2002) The Viking Gods. Reykjavík. Rósakot ehf.

Johan Egerkrans (2019. Upphaflega útgefin 2016 – Svíðþjóð) Norse gods. Reykjavík. Drápa

Loki. (2018, 30. Júní). *thenorsegods.com*. Sótt 30. Mars, 2020 af: <https://thenorsegods.com/loki/>

McCoy, D. (e.d.). Baldur. *norse-mythology.org*. Sótt 4. Mars, 2020 af: <https://norse-mythology.org/gods-and-creatures/the-aesir-gods-and-goddesses/baldur/>

McCoy, D. (e.d.). Freyr. *norse-mythology.org*. Sótt 15. Mars, 2020 af: <https://norse-mythology.org/gods-and-creatures/the-vanir-gods-and-goddesses/freyr/>

McCoy, D. (e.d.). Mimir. *norse-mythology.org*. Sótt 4. Apríl, 2020 af: <https://norse-mythology.org/gods-and-creatures/others/mimir/>

McCoy, D. (e.d.). The Ultimate Online Guide to Norse Mythology and Religion. *norse-mythology.org*. Sótt 5. Febrúar, 2020 af: <https://norse-mythology.org/>

Norse Mythology: A Brief Synopsis. (2015, Janúar 03). Sótt 28. Mars, 2020 af: <https://thenorsegods.com/norse-mythology-a-brief-synopsis/>

The Editors of Encyclopaedia Britannica. Loki. (2019, 15. Mars). *britannica.com*. Sótt 28. Mars, 2020 af: <https://www.britannica.com/topic/Loki>

Thor. (e.d.). *windows2universe.org*. Sótt 13. Febrúar, 2020 af: https://www.windows2universe.org/?page=/mythology/thor_thunder.html

Æsir. (e.d.). *asatru.is*. Sótt 30. Mars, 2020 af: <https://asatru.is/aesir>